



## Eftirfylgni: *Sjúkraflug á Íslandi*

September 2016



# Efnisyfirlit

Niðurstöður og ábendingar .....	3
Viðbrögð við ítrekuðum ábendingum.....	5
1 Inngangur.....	7
2 Sjúkraflug á Íslandi.....	8
2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2013 .....	8
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim.....	9
2.2.1 Ábendingar til velferðarráðuneytis.....	9
2.2.2 Ábending til innanríkisráðuneytis .....	10

# Niðurstöður og ábendingar

Ríkisendurskoðun ítrekar allar þrjár ábendingar sínar úr skýrslunni *Sjúkraflug á Íslandi* (ágúst 2013). Velferðarráðuneyti er áfram hvatt til að vanda betur til útboða sjúkraflugs og að móta framtíðarstefnu í sjúkraflutningum. Jafnframt er innanríkisráðuneyti hvatt til að taka formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi á Íslandi.

Í skýrslu sinni árið 2013 kannaði Ríkisendurskoðun fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi, umfang þess og þróun. Fram kom að þessi þjónusta hefði verið boðin út fjórum sinnum frá árinu 2000. Á þeim tíma hefði flugsvæðum fækkað úr fjórum í tvö og kröfur til rekstraraðila verið auknar. Þessar breytingar hefðu stuðlað að fækkun rekstraraðila og lækun fasts kostnaðar. Eins hefði aðbúnaður sjúklinga batnað og öryggi aukist. Jafnframt kom fram að Mýflug hf. hefði sinnt almennu sjúkraflugi samkvæmt þjónustusamningi frá árinu 2010. Landhelgisgæsla Íslands sæi þó um brýna sjúkraflutninga með þylum, einkum ef sjúkrabílum eða flugvélum yrði ekki við komið. Verkefnið væri á ábyrgð velferðarráðuneytis (áður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti) en Landhelgisgæsla Íslands heyrði þó undir innanríkisráðuneyti.

Í skýrslunni kom fram að síðasta útboð sjúkraflugs hefði farið fram árið 2012 og var þá gerð krafa um að boðið yrði í bæði flugsvæðin saman og þau þjónustuð frá Akureyri með sérútbúinni sjúkraflugvél. Útboðsfrestur var naumur og samningstími stuttur sem Ríkisendurskoðun gagnrýndi. Ástæðan var hugsanleg yfirtaka Landhelgisgæslu Íslands á almennu sjúkraflugi og höfðu velferðarráðuneyti og Landhelgisgæslan átt í viðræðum vegna þess. Þær viðræður báru ekki árangur. Um miðjan september 2012 var ákveðið að bjóða sjúkraflug út frá og með 1. janúar 2013 og tók Mýflug hf. verkefnið að sér. Aðkoma Landhelgisgæslunnar var þó áfram til skoðunar og því var samningstíminn einungis eitt ár, með framlengingarákvæði til eins árs í senn að hámarki fimm sinnum. Að mati Ríkisendurskoðunar var því óraunhæft fyrir nýjan aðila að bjóða í og taka að sér þjónustuna.

Í skýrslunni beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til velferðarráðuneytis. Það var annars vegar hvatt til að vanda betur til útboða sjúkraflugs og tryggja eðlilegt útboðsferli. Hins vegar var ráðuneytið hvatt til að móta framtíðarstefnu í sjúkraflutningum sem tryggði faglegan og fjárhagslegan grundvöll þeirra til langframa. Í viðbrögðum sínum árið 2013 tók ráðuneytið undir fyrri ábendinguna en benti á að framkvæmd útboða á sjúkraflugi væri í höndum Sjúkratrygginga Íslands og Ríkiskaupa með aðstoð frá Flugmálastjórn Íslands og Isavia. Vegna seinni ábendingarinnar tók ráðuneytið fram að stefnumótun í sjúkraflutningum væri og yrði stöðugt í gangi.

Í svari velferðarráðuneytis í janúar 2016 við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar ítrekaði það fyrri svör sín en gat þess að þjónustan hefði ekki enn verið boðin út. Í gildandi samningi væri heimild til að framlengja hann fimm sinnum og það úrræði hefði verið nýtt þrisvar.

Allar þrjár ábendingar frá 2013 eru ítrekaðar

Úttekt á fyrirkomulagi sjúkraflugs, umfangi og þróun

Útboðsfrestur var naumur og samið var til eins árs í senn

Velferðarráðuneyti hvatt til að móta framtíðarstefnu og vanda betur til útboða

## Sjúkraflug verður boðið út frá og með 2018

Nú væri stefnt að gerð langtímasamnings og yrði núverandi samningur ekki framlengdur frekar. Sjúkratryggingum Íslands yrði falið að hefja undirbúning útboðs vegna samnings til sex ára sem tæki gildi í ársbyrjun 2017. Í viðbótarsvari frá ágúst 2016 kom síðan fram að þjónustan yrði boðin út frá og með árinu 2018. Megináhersla væri lögð á að vanda útboðsferlið. Þá benti ráðuneytið á að stefnumótun málaflokksins væri stöðugt í gangi og að með reglugerð nr. 262/2011 um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga hefði umgjörðin verið eflid, m.a. með aukinni aðkomu hagsmunaaðila, lækna, sérstaks fagráðs og verkefnishóps um endurskipulagningu sjúkraflutninga.

## Innanríkisráðuneyti hvatt til að taka formlega afstöðu um aðkomu Landhelgisgæslunnar

Í skýrslu sinni árið 2013 hvatti Ríkisendurskoðun innanríkisráðuneyti einnig til að taka formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi. Í viðbrögðum sínum árið 2013 benti ráðuneytið á að Landhelgisgæslan hefði þá þegar umtalsverða aðkomu að sjúkraflugi. Í undirbúningi væri gerð langtímaáætlun um stofn- unina og yrðu ábendingar Ríkisendurskoðunar hafðar til hliðsjónar við þá vinnu.

## Beðið eftir úttekt á aðkomu Landhelgisgæslunnar

Í svari sínu í janúar 2016 gat innanríkisráðuneyti þess að það hefði leitað eftir afstöðu Landhelgisgæslunnar sem hefði talið margvísleg tækifæri felast í því að hún hefði formlega með höndum allt sjúkraflug á Íslandi. Í viðbótarsvari frá júní 2016 kom fram að til stæði að fá óháðan aðila til að gera úttekt á frekari aðkomu Landhelgisgæslunnar að sjúkraflugi. Niðurstöður hennar ættu að liggja fyrir eigi síðar en 1. september. Við eftirgrennslan fengust þær upplýsingar að málinu myndi seinka.

## Útboði frestað, engin framtíðarstefna og engar viðræður um skipulag sjúkraflugs

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið lítill gangur í þeim málum sem varða sjúkraflug á undanförunum árum. Enn er fyrirhuguðu útboði frestað og hvorki liggur fyrir framtíðarstefna um sjúkraflug né úttekt á kostum þess og göllum að Landhelgisgæslan komi í meira mæli að því. Þá hafa enn engar nýjar viðræður átt sér stað milli velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis og Landhelgisgæslu Íslands um þessi mál. Af þessum sökum telur Ríkisendurskoðun rétt að ítreka ábendingar sínar frá 2013.

## Ítrekaðar ábendingar til velferðarráðuneytis

### 1. Vanda þarf betur til útboða sjúkraflugs

Velferðarráðuneyti þarf að vanda betur til útboða sjúkraflugs og tryggja að útboðsferlið og samningstími stuðli að því að rekstraraðilar eigi raunhæfan möguleika á að undirbúa sig og senda inn tilboð.

### 2. Ljúka þarf vinnu vegna framtíðarstefnu í sjúkraflutningum.

Samhliða því sem innanríkisráðuneyti tekur formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands að sjúkraflugi þarf velferðarráðuneyti að móta framtíðarstefnu í sjúkraflutningum sem tryggir faglegan og fjárhagslegan grundvöll þeirra til langtíma litið.

## Ítrekuð ábending til innanríkisráðuneytis

### 1. Taka þarf formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands

Innanríkisráðuneyti þarf að skoða með formlegum hætti hvort aðkoma Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi á Íslandi er raunhæfur og framkvæmanlegur kostur. Vinna ætti langtímaáætlun um starfsemi Landhelgisgæslu Íslands um land allt og raunhæfa áætlun um kostnað sem fylgir mögulegum breytingum.

# Viðbrögð við ítrekuðum ábendingum

## Viðbrögð velferðarráðuneytis

### 1. Vanda þarf betur til útboðs sjúkraflugs

„Þann 10. mars 2016 fól heilbrigðisráðherra Sjúkratryggingum Íslands að framlengja gildandi samning við Mýflug hf. um sjúkraflug á Íslandi vegna ársins 2016. Samningurinn tók fyrst gildi 1. janúar 2013 og gildi þá í eitt ár með möguleika til árs framlengingar allt að fimm sinnum. Með framlengingu vegna ársins 2016 var samningurinn framlengdur í þriðja sinn. Fyrirhugað var að framlengja samninginn ekki frekar og að nýr samningur, gerður á grundvelli útboðs, myndi taka gildi í ársbyrjun 2017. Í ágúst 2016 var vinnu við stefnumótun fyrir sjúkraflug, mat á þörf fyrir sjúkraflug til næstu ára og skilgreiningu tiltekinna gæðamælikvarða þó ekki lokið. Því ákvað heilbrigðisráðherra að fela Sjúkratryggingum Íslands að framlengja samninginn í fjórða sinn, frá 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2017. Ákveðið hefur verið að gera kröfulýsingu sem verði hluti samnings um sjúkraflug. Tímalína útboðs verður fljótlega ákveðin í samráði við Sjúkratryggingar Íslands með það að markmiði að tryggja vandaðan undirbúning á öllum stigum og möguleika bjóðenda til að undirbúa tilboð. Gert er ráð fyrir að nýr samningur um sjúkraflug taki gildi 1. janúar 2018.“

### 2. Ljúka þarf vinnu vegna framtíðarstefnu í sjúkraflutningum

„Stefna um sjúkraflutninga er í sífelldri mótun. Með reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 var umgjörð um málaflokkinn eflað mjög frá því sem verið hafði m.a. með aukinni aðkomu hagsmunaaðila og lækna sem ábyrgir eru fyrir sjúkraflutningum í hverju heilbrigðisumdæmi. Samkvæmt reglugerðinni starfar sjö manna fagráð sjúkraflutninga sem hefur það hlutverk að veita ráðuneytinu ráðgjöf um öll fagleg málefni sem varðar sjúkraflutninga.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram til kynningar og umsagnar drög að heilbrigðisstefnu til ársins 2022. Í fyrirliggjandi drögum er meðal annars fjallað um sjúkraflutninga. Þar kemur fram að markmiðið með öflugu og markvissu skipulagi sjúkraflutninga er að bráðþjónusta sé tryggð og flutningi sjúkra og slasaðra sé sinnt með öruggum, faglegum og hagkvæmum hætti.

Ný lög um opinber fjármál leggja mikla áherslu á stefnumótun í málaflokkum. Velferðarráðuneytið mun við framkvæmd þeirra laga skoða sérstaklega hvort skerpa þurfi á einhverjum þáttum í stefnumótun vegna sjúkraflutninga.

Ráðuneytið undirbýr nú gerð kröfulýsingar sem verður mikilvægur þáttur útboðs á sjúkraflugspjónustunni. Sjúkratryggingar Íslands vinna samhliða að endurskoðun útboðsgagna m.a. með aðkomu hagsmunaaðila s.s. Sjúkrahússins á Akureyri, Isavia og Flugmálastjórn Íslands.“

## Viðbrögð innanríkisráðuneytis

### 1. Taka þarf formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands

„Ríkisendurskoðun hefur beint þeim tilmælum til innanríkisráðuneytisins að skoða þurfi með formlegum hætti hvort aðkoma Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi hér á landi sé raunhæfur og framkvæmanlegur kostur. Vinna ætti langtímaáætlun um starfsemi Landhelgisgæslu Íslands um land allt og raunhæfa áætlun sem fylgi mögulegum breytingum.

Hvað varðar fyrri tilmælin þá hefur innanríkisráðuneytið greint Ríkisendurskoðun frá því sbr. bréf ráðuneytisins dags. 1. júní sl. að ráðuneytið hafi í hyggju að fá óháðan aðila til að leggja mat á frekari aðkomu Landhelgisgæslunnar að sjúkraflugi og að hafinn verði undirbúningur að slíkri úttekt. Verði óháður aðili sem hefur engra hagsmuna að gæta af niðurstöðunni fenginn til verkefnisins en matið taki bæði til fjárhagslegra og faglegra þátta, hvaða ávinningur væri af frekari aðkomu Landhelgisgæslunnar á þessu sviði og hugsanlegir ókostir við breytt fyrirkomulag. Þetta verkefni yrði unnið í samvinnu við velferðarráðuneytið sem hefur umsjón með sjúkraflugi hér á landi. Gert var ráð fyrir að niðurstöður þessa mats myndu liggja fyrir eigi síðar en 1. september s.l. en verkefnið hefur því miður dregist. Þegar niðurstöður slíks mats liggja fyrir verður tekin formleg ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi. Þannig verði brugðist við ábendingu Ríkisendurskoðunar. Innanríkisráðuneytið leggur sem fyrr áherslu á gott samráð við velferðarráðuneytið og er tilbúið til frekara samstarfs þannig að eyða megi óvissu um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Hvað varðar seinni tilmælin þá er vinna við gerð Landhelgisgæsluáætlunar til næstu fimm ára vel á veg komin en ekki lokið og hafa ábendingar Ríkisendurskoðunar verið hafðar til hliðsjónar við þá vinnu. Landhelgisgæsluáætlun er langtímaáætlun um starfsemi um Landhelgisgæslu Íslands um land allt.“

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Slík endurskoðun felst í að kanna meðferð og nýtingu almannaþjálfa, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis í rekstri og benda á það sem athuga þarf með tilliti til úrbóta. Við úttektir sínar fylgir stofnunin verklagsreglum sem byggja á og eru í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana, INTOSAI, um stjórn-sýsluendurskoðun (sbr. einkum ISSAI 300 og ISSAI 3000).

Í samræmi við áður nefnda staðla fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar og hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem vakin var athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í þessari úttekt fylgir Ríkisendurskoðun eftir skýrslunni *Sjúkraflug á Íslandi* (ágúst 2013). Leitast er við að meta hvort og þá með hvaða hætti velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti hafa brugðist við þeim þremur ábendingum sem þar var beint til þeirra.

[Skýrslu frá 2013  
fylgt eftir](#)

Við mat á því hvort ábendingar Ríkisendurskoðunar hefðu leitt til æskilegra umbóta var aflað upplýsinga frá velferðarráðuneyti, innanríkisráðuneyti, Sjúkratryggingum Íslands og Landhelgisgæslu Íslands. Ráðuneytin fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Jafnframt var óskað eftir viðbrögðum þeirra við þeim ítrekuðu ábendingum sem til þeirra er beint. Þau eru birt í kaflanum „Viðbrögð við ábendingum“.

Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.

## 2 Sjúkraflug á Íslandi

### 2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2013

Velferðarráðuneyti hefur umsjón með sjúkraflugi

Í skýrslunni [Sjúkraflug á Íslandi](#) (2013) kom fram að velferðarráðuneyti (áður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti) hefði umsjón með sjúkraflugi hér á landi og væri kostnaður af því greiddur úr ríkissjóði. Sjúkraflug hefði fyrst verið boðið út árið 2000 og hefði landinu þá verið skipt í fjögur svæði: Norðursvæði, suðursvæði, Vestfjarðasvæði og Vestmannaeyjasvæði. Samið hefði verið við þrjá aðila og flugvélar verið staðsettar á Akureyri og í Vestmannaeyjum og einnig hluta úr ári á Ísafirði og í Reykjavík.

Flugsvæði eru nú tvö: Norðursvæði og Vestmannaeyjar

Frá árinu 2000 hefði sjúkraflug verið boðið út fjórum sinnum, flugsvæðum verið fækkað í tvö (norðursvæði og Vestmannaeyjasvæði) og kröfur til rekstraraðila breyst. Gerð hefði verið krafa um styttri viðbragðstíma en áður, að flugvélar hefðu jafnþrýstibúnað í farþegarými, hefðu aðsetur á Akureyri og nýttu þjónustu sjúkrahússins þar. Þetta fyrirkomulag hefði verið við lýði á Vestmannaeyjasvæði frá árinu 2010 og norðursvæði frá árinu 2008. Engir samningar hefðu verið í gildi um almennt sjúkraflug á Vestur- og Suðurlandi frá árinu 2005. Þar hefði sjúkraflutningum að mestu verið sinnt með sjúkrabílum. Breytingarnar hefðu stuðlað að fækkun rekstraraðila. Frá árinu 2010 hefði Mýflug hf. annast almennt sjúkraflug hér á landi en Landhelgisgæsla Íslands séð um brýna sjúkraflutninga um land allt með þyrlum, einkum ef sjúkrabílum eða flugvélum hefði ekki verið við komið.

Síðasta útboð var 2012 en samningur endurnýjaður árlega síðan

Fram kom að fyrir breytingunum hefðu verið bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Með fullkomnari búnaði hefði öryggi sjúklinga og áhafna aukist og fækkun rekstraraðila hefði lækkað verulega fastan kostnað við sjúkraflug. Þá kom fram að síðasta útboð sjúkraflugs hefði farið fram árið 2012 og hefði það náð til norðursvæðis og Vestmannaeyja. Gerð hefði verið krafa um að boðið yrði í bæði svæðin saman og þau þjónustuð frá Akureyri með sérútbúinni sjúkraflugvél. Útboðið hefði verið auglýst í síðari hluta september 2012 og skyldi nýr samningur taka gildi 1. janúar 2013. Frestir hefðu því verið afar naumir þótt reglur um lágmarksfresti hefðu verið virtar. Ástæða þessa hefðu verið hugmyndir um að Landhelgisgæsla Íslands tæki yfir almennt sjúkraflug hér á landi. Velferðarráðuneyti og Landhelgisgæslan hefðu átt í viðræðum um málið og hefði útboðinu verið frestað meðan þær stóðu yfir. Um miðjan september hefði verið ljóst að bjóða þyrfti sjúkraflug út. Aðkoma Landhelgisgæslunnar hefði þó áfram verið til skoðunar og því hefði ráðuneytið ákveðið að hafa samningstíma einungis til eins árs, með framlengingarákvæði til eins árs í senn að hámarki fimm sinnum.

Áhugi hjá Landhelgisgæslu að taka yfir sjúkraflug

Fram kom að helstu rök fyrir því að Landhelgisgæslan tæki yfir sjúkraflugið hefðu verið þau að með því mætti betur nýta mannskap stofnunarinnar, tæki og aðstöðu ásamt því að auka öryggi landsmanna. Að auki styrkti slíkt fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar og færði allt sjúkraflug á Íslandi á eina hendi í stað tveggja. Það hefði á hinn bóginn í för með sér að flytja þyrfti hluta af starfsemi Landhelgisgæslunnar til Akureyrar miðað við núverandi kröfur velferðarráðuneytis og útvega sérútbúna



sjúkraflugvél. Slíkt yrði ekki aðeins kostnaðarsamt heldur hefði einnig áhrif á langtíma-hagsmuni og framtíðaráform stofnunarinnar. Þá hefði breyting á rekstrarformi sjúkraflugs í för með sér stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda og því þyrfti Alþingi að koma að ákvörðuninni.

Ríkisendurskoðun taldi að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar til að meta hvort það væri framkvæmanlegt og hagkvæmt að Landhelgisgæslan annaðist almennt sjúkraflug á landinu. Stofnunin hvatti því innanríkisráðuneyti til að skoða mögulega aðkomu hennar að slíku flugi með formlegri og nákvæmari hætti en gert hefði verið og benti jafnframt á að hraða þyrfti þeirri vinnu þar sem undirbúningur tæki langan tíma. Samhliða þyrfti velferðarráðuneyti að undirbúa útboð þótt þessi möguleiki væri í skoðun og ganga frá framtíðarstefnu í sjúkraflutningum.

Fram kom að lítið sem ekkert hefði þokast í málinu frá því í september 2012, m.a. vegna misskilnings ráðuneytanna sem rekja mátti til óformlegra samskipta þeirra. Ríkisendurskoðun gagnrýndi að málið hefði ekki fengið formlega afgreiðslu milli og innan ráðuneytanna.

## 2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Ríkisendurskoðun beindi tveimur ábendingum til velferðarráðuneytis árið 2013 og einni til innanríkisráðuneytis. Báðum var gefinn kostur á að birta viðbrögð sín við ábendingunum í skýrslu stofnunarinnar. Í lok nóvember 2015 óskaði Ríkisendurskoðun eftir svörum þessara aðila við því hvort brugðist hefði verið við ábendingum hennar og þá hvenær og með hvaða hætti. Stofnuninni bárust svör velferðarráðuneytis í janúar og ágúst 2016 og innanríkisráðuneytis í janúar og júní sama ár.

### 2.2.1 Ábendingar til velferðarráðuneytis

#### 1. Vanda þarf betur til útboða sjúkraflugs

Ríkisendurskoðun benti á að velferðarráðuneyti þyrfti að vanda betur til útboða sjúkraflugs og tryggja að útboðsferlið og samningstíminn stuðluðu að því að hugsanlegir rekstraraðilar ættu raunhæfan möguleika á að undirbúa sig og senda inn tilboð.

Í viðbrögðum sínum árið 2013 tók ráðuneytið undir ábendinguna. Það benti á að framkvæmd útboða á sjúkraflugi væri í höndum Sjúkratrygginga Íslands og Ríkiskaupa með aðstoð frá Flugmálastjórn Íslands og Isavia. Vegna athugasemdanna myndi ráðuneytið fara yfir útboðsferlið og gera úrbætur. Í svari velferðarráðuneytis við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar í árslok 2015 ítrekaði það fyrra svar sitt og lét þess jafnframt getið að þjónustan hefði ekki enn verið boðin út. Í gildandi samningi væri heimild til að framlengja samninginn fimm sinnum og hefði það úrræði verið nýtt þrisvar. Heilbrigðisráðherra hefði nú ákveðið að stefnt yrði að gerð langtímasamnings um þjónustuna og yrði núverandi samningur ekki framlengdur frekar. Langtímasamningur myndi treysta betur faglegan og fjárhagslegan grundvöll sjúkraflugs til lengri tíma lítið en núverandi samningur gerði. Sjúkratryggingum Íslands yrði falið að hefja undirbúning útboðs vegna samnings til sex ára sem taka myndi gildi í ársbyrjun 2017.

Í viðbótarsvari sem barst í ágúst 2016 kom fram að þá hefði verið ákveðið að fela Sjúkratryggingum Íslands að framlengja samning við Mýflug hf. um sjúkraflug fyrir árið

Þarf að meta hagkvæmni við aðkomu Landhelgisgæslu

Viðbrögð við ábendingum frá 2013 könnuð

Stefnt að langtímasamningi um sjúkraflug frá 2018

2017 og að þjónustan yrði boðin út vegna samnings frá og með 2018. Megináhersla væri lögð á að vanda útboðsferlið til að tryggja jafnræði bjóðenda og gæði og öryggi þjónustu. Ráðuneytið myndi gera kröfulýsingu sem yrði fylgigagn með samningi. Útboðsferlið myndi m.a. taka mið af ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Lítið áunnist frá 2013 og ábending því ítrekuð

Ríkisendurskoðun fagnar því að leitast verði við að vanda kröfulýsingu og útboðsferli. Stofnunin bendir um leið á að af svari velferðarráðuneytis megi ráða að undirbúningur þessa sé varla hafinn. Lítið hafi áunnist þrátt fyrir að þrjú ár séu liðin frá því að skýrsla Ríkisendurskoðunar var birt. Ábendingin er því ítrekuð.

Þarf að móta stefnu í sjúkraflutningum

## 2. Ljúka þarf vinnu vegna framtíðarstefnu í sjúkraflutningum

Ríkisendurskoðun benti á að samhliða því sem innanríkisráðuneyti tæki formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands að sjúkraflugi þyrfti velferðarráðuneyti að móta framtíðarstefnu í sjúkraflutningum sem tryggði faglegan og fjárhagslegan grundvöll þeirra til langframa.

Reglugerð sett og verkefnishópur skipaður

Í viðbrögðum velferðarráðuneytis við ábendingunni árið 2013 kom fram að stefnumótun í sjúkraflutningum væri og yrði stöðugt í gangi. Í svari sínu árið 2016 við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar áréttaði ráðuneytið fyrra svar sitt og benti jafnframt á að með reglugerð nr. 262/2011 um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga hefði umgjörð um málaflokkinn verið eflað, m.a. með aukinni aðkomu hagsmunaaðila og lækna. Fagráð sem starfaði eftir reglugerðinni hefði það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni sem málaflokknum viðkæmi. Þá hefði verið skipaður verkefnishópur um endurskipulagningu sjúkraflutninga í framhaldi af skýrslu *Boston Consulting Group* um íslenska heilbrigðiskerfið.

Í skýrslu sinni árið 2013 benti Ríkisendurskoðun m.a. á að langvarandi vangaveltur innan stjórnáætlunar um breytingar á rekstrarformi sjúkraflugs yllu óvissu sem velferðarráðuneyti þyrfti að draga úr með formlegri framtíðarstefnu í sjúkraflutningum. Þessi stefna liggur ekki fyrir og ganga þarf frá henni hið fyrsta. Ábendingin er því ítrekuð.

### 2.2.2 Ábending til innanríkisráðuneytis

#### 3. Taka þarf formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslu Íslands

Ríkisendurskoðun benti á að innanríkisráðuneyti þyrfti að skoða með formlegum hætti hvort aðkoma Landhelgisgæslu Íslands að almennu sjúkraflugi á Íslandi væri raunhæfur og framkvæmanlegur kostur. Vinna ætti langtímaáætlun um starfsemi Landhelgisgæslu Íslands um land allt og raunhæfa áætlun um kostnað sem fylgir mögulegum breytingum.

Innanríkisráðuneyti þarf að meta aðkomu Landhelgisgæslunnar

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni árið 2013 benti innanríkisráðuneyti á að Landhelgisgæslan hefði nú þegar umtalsverða aðkomu að sjúkraflugi hér á landi. Í undirbúningi væri gerð langtímaáætlunar um stofnunina og yrðu ábendingar Ríkisendurskoðunar hafðar til hliðsjónar við þá vinnu. Í svari sínu í janúar 2016 við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar kom fram að ráðuneytið hefði leitað eftir afstöðu Landhelgisgæslunnar sem hefði talið margvísleg tækifæri felast í því fyrir íslenska ríkið að hún hefði formlega með höndum allt sjúkraflug á Íslandi. Í viðbótarsvari ráðuneytisins frá

júní 2016 kom fram að það hefði í hyggju að fá óháðan aðila til að leggja mat á frekari aðkomu Landhelgisgæslunnar að sjúkraflugi og að hafinn yrði undirbúningur að slíkri úttekt. Niðurstöður mats ættu að liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2016. Ríkisendurskoðun yrði upplýst um málið.

**Beðið eftir niðurstöðu óháðs matsaðila**

Ríkisendurskoðun leitaði upplýsinga í ágúst um það hvar á vegi málið væri statt. Þær upplýsingar fengust að vegna sumarfría og anna hefði ekkert verið aðhafst í málinu og því myndi seinka. Ríkisendurskoðun ítrekar því ábendinguna og hvetur til þess að úttektinni sé hraðað svo að unnt sé að taka tillit til niðurstaðna hennar áður en ráðist verður í næsta útboð á sjúkraflugi.

Af viðbrögðum velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis er ljóst að ekkert hefur þokast í þá átt að ákvarða framtíðarfyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi. Ekki hefur heldur verið kannað hvort hagkvæmt sé að fela Landhelgisgæslu Íslands ábyrgð á öllu sjúkraflugi á landinu eða hvort það er yfirleitt framkvæmanlegt. Af endurtekinni frestun útboðs á sjúkraflugi, nú síðast á fyrri hluta þessa ár, má loks ráða að stjórnvöldum gengur illa að taka ákvarðanir í málinu. Hætta er því á að ekki verði staðið nægilega vel að útboði þegar í það verður ráðist.

**Seinagangur í ákvarðanatöku stjórnvalda**

Ríkisendurskoðun gagnrýnir þann seinagang sem ríkt hefur í þessum mikilvæga mála-flokki sem og samskiptaleysi milli þeirra ráðuneyta sem í hlut eiga. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að talsverð aukning hefur orðið í sjúkraflugi síðustu ár. Í skriflegu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi 29. febrúar 2016 kom fram að árið 2015 voru farin alls 599 sjúkraflug hér á landi miðað við 452 árið 2012. Þar af greiddu Sjúkratryggingar Íslands 10 sjúkraflug með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Samhliða þessu hefur heildarkostnaður vegna sjúkraflugs aukist úr rúmum 259 m.kr. árið 2012 í tæpar 350 m.kr. árið 2015 og er þá talinn með kostnaður vegna lækna.

**Samskiptaleysi ráðuneyta gagnrýnt**



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)